ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 6. maí 1998 • 18. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sveitarstjórnarkosningar

Enginn Ásthildar-listi í Ísafjarðarbæ

Framboðsfrestur til sveitarstjórnarkosninganna 23. maí rann út á hádegi á laugardag. Í Ísafjarðarbæ komu fram þrír listar, B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks og K-listi Bæjarmálafélags Ísafjarðarbæjar.

Listarnir hafa allir verið úrskurðaðir gildir, að sögn Björns Jóhannessonar, formanns yfirkjörstjórnar. Ekkert varð því úr svonefndum „Ásthildarlista“, kenndum við Ásthildi Cesil Þórðardóttur, sem ýmislegt hefur verið skeggrætt og skrifað um að undanförnu að fram myndi koma. Kosningabaráttan virðist fara fremur seint og hægt af stað og fyrstu kosningablöð framboðanna eru að skríða úr prentun þessa dagana.

Í Bolungarvíkurkaupstað komu fram tveir listar, D-listi Sjálfstæðisflokks og R-listi, Víkurlistinn, sem er borinn fram af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og óflokksbundnum. Þeir hafa einnig verið úrskurðaðir gildir, að sögn Elíasar Jónatanssonar, formanns yfirkjörstjórnar.

Sveitarstjórnarkosningar

Tveir listar í Súðavíkurhreppi

Tveir framboðslistar verða í boði í Súðavíkurhreppi í sveitarstjórnarkosningunum 23. maí, F-listi umbótasinna og H-listi.

Eftirtaldir skipa fimm efstu sætin á F-lista: Valsteinn Heiðar Guðbrandsson, Sigurjón Samúelsson, Elvar Ragnarsson, Samúel Kristjánsson, og Stefán Oddur Baldursson. Fimm efstu á H-lista skipa: Salvar Baldursson, Friðgerður Baldvinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðjón Kjartansson, og Fjalar Gunnarsson.

Á H-lista eru tíu manns og er hann því fullmannaður, en á F-lista eru aðeins 8 manns.

Tálknafjörður

3,5 milljóna sekt

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt tvo Tálknfirðinga til að greiða samtals 3,5 milljónir króna til Mengunarvarnasjóðs.

Mennirnir stóðu að því að draga vélskipið Þrym út á Tálknafjörð í nóvember á síðasta ári með þeim afleiðingum að báturinn sökk. Álit dómsins var að háttsemi mannanna benti eindregið til þess að verknaðurinn hefði átt að fara leynt.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Jónas Jóhannsson og Finnur Torfi Hjörleifsson og Agnar Erlingsson.

Ungur Bolvíkingur á geðdeild í Noregi

– sjá viðtal við Bjarna Heiðar Valsson, sjúkraliða, stúdent og tilvonandi hjúkku, í miðopnu

Ný sending af jakkafötum og stökum jökkum á herra
Nýkomnar mittisblússur fyrir sumarið

Allar dömu og herrabuxur
með 15% afslætti fimmtudag
föstudag og laugardag
Ath. Opið til kl. 16 laugardag!
JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

30% afsláttur 30% afsláttur 30% afsláttur 30% afsláttur
Við rýmum vegna breytinga
30% afsláttur af ýmsum vörum
LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna
Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Vátryggingafélag Íslands

Nýr svæðisstjóri á Vestfjörðum

Guðni Guðnason tók um mánaðamótin við stöðu svæðisstjóra Vátryggingafélags Íslands á Vestfjörðum af Gunnari Jónssyni, sem nú lætur af störfum fyrir aldurs sakir. Guðni er viðskiptafræðingur að mennt og starfaði um sex ára skeið hjá VÍS syðra. Hann er þó öllu kunnari sem þjálfari og leikmaður KFÍ á síðustu keppnistíð og margreyndur landsliðsmaður í körfu.

Gunnar Jónsson hefur rekið skrifstofu VÍS hér vestra frá því að félagið var stofnað í janúar 1989 við sameiningu Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga, en áður hafði hann verið umboðsmaður Brunabótafélagsins allt frá því í febrúar 1970. Hann hefur því gegnt þessu starfi í liðlega 28 ár.

Axel Gíslason forstjóri VÍS, Gunnar Jónsson og Guðni Guðnason fyrir utan skrifstofur fyrirtækisins í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þegar svæðisstjóraskiptin fóru fram 1. maí.

Boðorðin sjö

Leiðari

Meðal margra mála sem Alþingi er ætlað að fjalla um fyrir þingslit er þingsályktunartillaga um byggðaáætlun, lögð fram af forsætisráðherra. Í tillögunni felst stefna stjórnvalda í byggðamálum á árunum 1998 til 2001, ætluð til að treysta búsetu á landsbyggðinni, fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðatali og nemi 10% til ársins 2001.

„Það kann að þykja bjartsýni við þessar aðstæður sé fólksfjölgun á landsbyggðinni meginmarkmið tillögunnar, en á það ber að líta að mikilvægir þættir sem eru forsenda traustrar búsetu eru í betra horfi en verið hefur," segir m.a. í greinargerð með tillögunni.

Síðan er lögð sérstök áhersla á sjö þætti sem eiga að undirstrika að þrátt fyrir að allar aðgerðir gegn fólksfækkun á landsbyggðinni hafi hingað til ekki komið að gagni, að stöðugt halli undan í byggðarlögum þar sem áður ríkti stöðugleiki, og að „ólíkt því sem margir hafa vænst hefur betra árferði í efnahagsmálum undanfarið og bætt staða sjávarútvegs ekki orðið til þess að draga úr fólksflutningum af landsbyggðinni," sé það alls ekki út í hött að tala um fólksfjölgun á landsbyggðinni.

Í boðorðunum sjö sem svo eru nefnd hér, er þau gullkorn að finna, að nú fýsi mun fleiri að flytja frá höfuðborgarsvæðinu út á land en þaðan til þéttbýlisins, að öll almenn þjónusta sé betri hjá okkur en í Reykjavík, að ýmsar aðgerðir hafi komið heimilunum til góða, að jákvæðar aðstæður í efnahagsmálum geri sjávarþorpunum sérlega hagstætt að nýta auðlindir landsins og síðast en ekki síst tryggi þróunarstofnanir grundvöll að nútímanum á landsbyggðinni, búið sé að greina óánægjuveiruna sem hrjáð hefur okkur á liðnum árum og því von um lækningu og klykkt er út með að samþykkt tillögunnar og innihald hennar muni „fela í sér ný og markviss vinnubrögð í byggðamálum."

Vissulega væru það gleðitíðindi ef stoppa mætti það öfugstreymi, sem hægt og bítandi hefur verið að draga máttinn úr landsbyggðinni og valdið hefur svo geigvænlegri byggðaröskun að vandséð er hvernig úr verður bætt. Því miður verður að segja það eins og er, að enn ein þingsályktunin í þessu máli er ekki líkleg til afreka. Orð eru að vísu til alls fyrst en í þessum efnum hafa svo mörg marklaus orð fallið að trúverðugleiki endurnýttra orða er ekki sannfærandi.

„Það er sannfæring mín að aldrei frá því að Ísland byggðist hefur nokkur stjórnvaldsaðgerð mismunað þegnum þessa lands jafn gríðarlega og samþykkt núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis," sagði Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir á Ísafirði í Morgunblaðsgrein 27. ágúst síðastliðinn.

Ef stjórnvöld hyrfu frá ráðstjórnarstefnu sinni í fiskveiðistjórnun þyrftu þau ekki að eyða tíma sínum í sálgreiningu á neikvæðri afstöðu fólks til búsetu á landsbyggðinni. Og þá dygðu okkur gömlu boðorðin tíu að tölu.

s.h.

Fjórir Vestfirðingar nýkomnir úr Skotlandsferð

Stefnt að uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum

Fjórir Vestfirðingar voru í hópi tíu Íslendinga sem nýkomnir eru úr Skotlandsferð til að kynna sér nýjan háskóla, University of Highlands and Islands (UHI) eða Háskóla Hálandanna og eyjanna. Vestfirðingar þessir eru þeir Aðalsteinn Óskarsson forstöðumaður Byggðastofnunar á Ísafirði, Halldór Halldórsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, Jón Reynir Sigurvinsson aðstoðarskólameistari Framhaldsskólans og Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður. Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri skipulagði ferðina og annaðist fararstjórn.

Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér hvernig þessi nýi háskóli þjónar dreifðum byggðum Skotlands og draga af því lærdóma fyrir dreifbýlið á Íslandi. Skotar hafa lagt mikla áherslu á þátt upplýsingatækni og fjarvinnslu við uppbyggingu háskólamenntunar og atvinnulífs við aðstæður sem eru að nokkru leyti hliðstæðar því sem er hér á landi.

Vestfirðingar og Austfirðingar sem ferðina fóru hafa fullan hug á því að taka mið af því hvernig Skotar hafa byggt upp háskóla í dreifðum byggðum. Að sögn þátttakenda mun reynslan af þessari ferð nýtast við uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum og Austfjörðum. Stefnt er að því að svo megi verða, í samstarfi við þær menntastofnanir sem fyrir eru og við Háskólann á Akureyri sem skipuleggjanda.

Í ferðinni var gengið frá drögum að samningi um samstarf milli UHI og Háskólans á Akureyri og gert er ráð fyrir að hann verði undirritaður fljótlega.

Frá kröfugöngu verkalýðsins á Ísafirði 1. maí. Pétur Sigurðsson ávarpar hópinn við bækistöð verkalýðsfélaganna að Pólgötu 2.

ÍSAFJARÐARBÆR

TILBOÐ ÓSKAST

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Geymsluhús" á Torfnesi. Verkið felst í því að byggja flytjanlegt hús sem notað yrði sem kennslustofur til bráðabirgða. Stærð hússins er um 270 m² og um 850 rúmmetrar á tveimur hæðum, jarðhæð og ris.
Verklok eru áætluð 15. september 1998.
Útboðsgögn eru seld hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar frá og með föstudeginum 8. maí 1998 og kosta kr. 5.000.
Tilboð verða opnuð 19. maí 1998 kl. 11:00.
Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Vestfirðir

Vestfjarðamót í bridge

Vestfjarðamót í sveitakeppni í bridge verður haldið í frystihúsi Þorbjöms hf., í Bolungarvík dagana 16. og 17. maí nk., og hefst spilamennska kl. 13 báða keppnisdagana. Þeim sem hug hafa á að taka þátt í mótinu er bent á að hafa samband við Jóhann í síma 456 7527 sem fyrst. Það er Bridgesamband Vestfjarða sem stendur að mótinu.

Ísafjarðarbær

Bjarni í stað Guðmundar

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ hefur samþykkt að Bjarni Einarsson á Þingeyri taki 15. sæti Guðmundar Marinóssonar á Ísafirði á framboðslista D-lista Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Guðmundur víkur sæti að eigin ósk segir í frétt frá fulltrúaráðinu.

Ísafjarðarbær

Vortónleikar T.Í.

Vortónleikar Tónlistarskóla Ísafjarðar verða haldnir í sal Grunnskóla Ísafjarðar 9. og 10. maí nk. Tvennir tónleikar verða hvorn dag og hefjast þeir kl. 15 og kl. 17. Vortónleikarnir eru einu tónleikar skólans þar sem seldur er aðgangur og rennur ágóði af miðasölu til hljóðfærakaupa. Miðaverð er kr. 400 og sjá nemendur sjálfir um að selja miða.

Stella og Sigga Lára fremstar í flokki þegar hópurinn tekur nokkur vísindaleg dansspor á Silfurtorgi.

Þrekhringur Stellu og Siggu Láru í óvissuferð

Þoturassarallí og fleira gott

Félagar í þrekhring hjá Stellu og Siggu Láru á Ísafirði slúttuðu vetrarstarfinu með „óvissuferð“ og var myndin tekin á Silfurtorginu þegar ferðin var rétt að byrja. Þarna er um að ræða fólk sem hefur verið í leikfimi tvisvar í viku hjá þeim Stellu Hjaltadóttur íþróttakennara og Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur sjúkraþjálfara og var þetta fjórða starfsárið.

Kynjaskipting í hópnum er heldur ójöfn, því konurnar eru miklu fleiri, en segja má að kallar eins og Elli Odds og Eggert Jónsson bæti það nokkuð upp með stærðinni sem vantar á fjöldann hjá „sterkara“ kyninu.

Í óvissuferðinni var farið út og suður og um víðan völl og upp á Dal í þoturassarallí og endað í Tjöruhúsinu.

Afmælishátíð Golfklúbbs Ísafjarðar

Laugardaginn 9. maí kl. 19:00 heldur Golfklúbbur Ísafjarðar upp á 20 ára afmæli sitt með afmælishátíð á Hótel Ísafirði.

Dagskrá:

Hátíðin sett - Þriggja rétta máltíð - Ávarp formanns klúbbsins

Skemmtiatriði - Viðurkenningar - Ávörp gesta

Miðaverð er kr. 2.700. Miða- og borðapantanir eru hjá Birni Helgasyni í síma 456 3722 eða 456 3149 til föstudagsins 8. maí.

Fjölmennum og gerum afmælishátíðina sem glæsilegasta.

Afmælisnefnd Golfklúbbs Ísafjarðar.

Afmæli

90 ára

Jóhanna Kristjánsdóttir, bóndi að Kirkjubóli í Bjarnardal verður níræð á morgun, fimmtudaginn 7. maí.

Kvenfélag Mosvallahrepps heldur Jóhönnu kaffisamsæti á afmælisdaginn frá kl. 15:30 til 18:30 að Holti í Önundarfirði.

Fjórir aðilar sameinast um ferðir um Strandir

Hefja áætlunarferðir um Hornstrandir í sumar

Fjórir aðilar, Íslandsflug, Vesturferðir, Kiddý og Hafsteinn Ingólfsson á Ísafirði og Óskar Kristinsson á Drongum, hafa sameinast um að koma á reglubundnum samgöngum um Norður-Strandir, sem jafnframt nýtist mörgum sem ganga vilja um Hornstrandir.

Þar sem ferðalög geta verið ýmsum erfiðleikum háð um þetta svæði, hefur verið ákveðið að Vesturferðir sjái um að skrá í ferðimar.

Ferðirnar hefjast 25. júní og þeim lýkur á Ströndum 13. ágúst og 15. ágúst í Jökulfjörðum. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Vesturferðum.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐAR 1989-2009

Með tilvísun til 1. mgr. 21. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsir Ísafjarðarbær hér með breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Breytingin felst m.a. í:

1. Íþróttasvæði er breytt fyrir opinberar byggingar.
2. Núverandi svæði fyrir opinberar byggingar stækkar að Seljalandsvegi.
3. Tvær nýjar tengingar við Skutulsfjarðarbraut.

Breytingatillagan ásamt greinargerð liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunni, Hafnarstræti 1, frá og með 6. maí til 3. júní nk.

Athugasemdum skal skila skriflega til tæknideildar Ísafjarðarbæjar fyrir 17. júní nk. Þeir sem ekki gera athugasemdir teljast samþykkir tillögunni.

Bæjarverkfræðingur.

HREINSUNARDAGUR Í ÍSAFJARÐARBÆ

Íbúar Ísafjarðarbæjar!

Tökum höndum saman og hreinsum garða okkar og nánasta umhverfi. Dagana 11. - 15. maí nk., verða sérstakir hreinsunardagar í Ísafjarðarbæ og munu starfsmenn bæjarins keyra um hverfin og hirða fulla ruslapoka. Farið verður um bæinn sem hér segir:

Mánudagur 11. maí - Holtahverfi.
Mánudagur 11. maí - Þingeyri.
Mánudagur 11. maí - Flateyri.
Þriðjudagur 12. maí - Eyrin á Ísafirði neðan Sólgötu.
Þriðjudagur 12. maí - Suðureyri.
Miðvikudagur 13. maí - Efri bærinn á Ísafirði ofan Sólgötu.
Fimmtudagur 14. maí - Hnífsdalur.

Ruslapokar verða afhentir í áhaldahúsum bæjarins. Fólki er bent á að koma stærri hlutum í gámastöðvar.

Skorað er á forráðamenn fyrirtækja að taka til á lóðum sínum og koma rusli í gámastöðvar. Þeim aðilum sem telja sig þurfa að koma stórum hlutum í geymslu er bent á að hafa samband við hafnarstjóra varðandi geymslusvæði hafnarinnar.

Þeim aðilum sem telja sig eiga hluti á opnum svæðum og vilja varðveita þá er vinsamlegast bent á að fjarlægja þá, að öðrum kosti mun þeim verða fargað á kostnað eiganda, tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar þessarar.

Bæjarverkfræðingur.

SUNDHÖLLIN Á ÍSAFIRÐI

Starfsmann vantar frá 1. júní 1998 til umsjónar með baðklefum kvenna og sundlaugargæslu.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 1998 hjá undirrituðum í síma 456 3722 eða á bæjarskrifstofu.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi.

Árgangur 1951 á Ísafirði samankominn í Ísafjarðarkirkju sl. laugardag. Frá vinstri: Pálína Þórarinsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Soffía Bergmannsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Sigurður Hjartarson, Hallveig Finnbogadóttir, Örn Ingólfsson, Helgi Már Arthúrsson, Svana Sörensen, Kristján Bjarni Guðmundsson, Guðmundur Á. Kristinsson, Guðný Pálsdóttir, Björn Birgisson, Bjarney J. Sigurleifsdóttir, Hannes Hafsteinsson, Elín Brynjólfsdóttir, Rúnar Vilbergsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Þorsteinn Jóhannesson, Guðríður Sigurðardóttir, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Pétur Jónasson, Sigríður Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Ólafía Pálsdóttir og Erna Jónsdóttir. Á myndina vantar tvær sem voru annars með í hópnum á föstudag og laugardag, þær Jónu V. Haraldsdóttur og Ásdísi Lúðvíksdóttur.

Fagnaðarfundur hjá 1951-módelinu á Ísafirði

Árgangur 1951 sem var saman í skóla á Ísafirði hefur komið saman á fimm ára fresti síðustu fimmtán árin og ætlar að halda því áfram, segir einn úr hópnum, Pétur Jónasson, en nýjasti fagnaðarfundurinn var hér vestra sl. föstudag og laugardag. „Þetta er mjög samstæður hópur og alltaf vel mætt. Oft koma árgangar saman þegar þeir verða tuttugu ára gagnfræðingar en svo vill það lognast út af. En við höldum okkar striki að koma saman og frekar að fleiri bætist við þegar lengra líður en hitt“, segir Pétur. Séra Sigurður Kristjánsson mun hafa fermt flesta í þessum hópi og fermingardagurinn var 1. maí hjá flestum þeirra. „Á föstudaginn (1. maí) fórum við í skoðunarferð um gamla bæinn á Ísafirði undir leiðsögn Snorra Grímssonar, síðan fórum við um Súðavík og Flateyri og eftir það var snæddur miðdegisverður í Fremri-Breiðadal hjá Ásgeiri Mikkaelssyni og konu hans. Svo var ekið um Önundarfjörð og síðan farið í kirkju hjá séra Gunnari Björnssyni í Holti milli sex og sjö síðdegis. Kvöldverður var snæddur í Grunnskólanum í Holti og síðan haldið í skíðaskálann í Tungudal. Á laugardeginum var komið saman í Ísafjarðarkirkju, þar sem myndin var tekin, og síðan var kvöldverður í Tjöruhúsinu í Neðsta og dansað við hljómsveitarundirleik á eftir. Þetta var alveg yndisleg helgi og gaman hversu margir gátu mætt. Það er alveg bráðskemmtilegt fólk í þessum hópi, þó ég segi sjálfur frá“, sagði Pétur Jónasson. Blaðið vill skjóta því hér að, hvort ekki væri tilvalið fyrir hópinn að halda sameiginlegt fimmtugsafmæli hér á Ísafirði að þremur árum liðnum árið 2001. Það yrði þá líklega eitthvert stórfenglegasta fimmtugsafmæli Íslandssögunnar – eins konar Space Odyssey 2001.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Árholt 12 - Úlfsá: 183,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum, uppgert að mestu. **Verð: 10,800,000,-**
Bakkavegur 39: 201m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Verð: 13,500.000,-**
Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11.000.000,-**
Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður **Verð: 8,500,000,-**
Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11,600.000,-**
Hafraholt 10: 144 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 9,300,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 9,500,000,-**
Hlíðarvegur 43: 186 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð: 9,000,000,-**
Kirkjubær: 103,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Tilboð óskast**
Kjarrholt 2: 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt góðum tvöföldum bílskúr. **Verð: 13,200,000,-**
Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Skipti möguleg. **Verð: 10.800.000,-**
Móholt 9: Einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust strax. Skipti á minni eign möguleg. **Verð: 11,900,000,-**
Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 12,700,000,-**
Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Tilboð óskast.**
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt geymslu, kjallara og skúr. **Laust fljótlega Verð: 7,200,000,-**
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á eign á Eyrinni. **Verð: 9,900,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. Laust fljótlega **Verð: 6,200,000,-**
Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Skipti á stærri eign möguleg **Verð: 5,500,000,-**
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Verð: 11,800,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpallil. **Tilboð óskast**
Urðarvegur 58: 209 m² steinsteypt raðhús, byggt 1980. Innbyggður bílskúr. Fallegt útsýni. Hagstæð lán og góð kjör. **Verð aðeins: 10,500,000,-**

Góuholt 3
140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr.
Verð: 12,000,000,-

Túngata 18
89,2 m² 4ra herb. íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Möguleg skipti á minni eign
Verð: 6,900,000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 5,500,000,-**
Eyrargata 3: 100m² 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þríb.húsi ásamt helm. bílskúrs. Skipti möguleg. **Verð: 7,800.000,-**
Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herbergja íbúð á e.h. í tvíb.húsi **Verð: 6,800,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4 herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Verð: 7,000,000,-**
Hjallavegur 12: 113,9m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð: 5.500.000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182m² glæsileg íbúð með parketi og harðviðarinnréttingum. **Einnig.** 415m² iðnaðar- og viðgerðarhúsnæði ásamt lagerhúsnæði. **Tilboð óskast.**
Pólgata 5a: 127,7 m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt 1/2 kjallara. **Verð: 6,000,000,-**
Seljalandsvegur 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á e.h. í tvíb.húsi, ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. **Verð: 10,700,000.-**
Stórholt 9: 164,3m², 6 herb. íbúð á tveimur hæðum ásamt sér geymslu **Verð: 8,000,000,-**
Túngata 12: 99 m² 4ra herb. íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð: 7,900,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 7,200.000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, íbúðin að hluta undir risi **Verð aðeins: 2,900,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi í góðu standi. **Verð: 5,800,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 6,000,000,-**
Túngata 21: 84,9m² íbúð á 1. hæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð: 6,500,000,-**
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðh. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Verð: 6,000,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Tilboð óskast**
Túngata 18: 53,4m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 5,500,000,-**
Túngata 12: 62m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi, uppgerð að mestu. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 3,900.000,-**
Urðarvegur 78: 73,2m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 5,400,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Fallegt útsýni. Laust fljótlega. **Verð: 5,500.000,-**

Fyrirtæki

Vídóleigan Vídeóhöllin: Fyrirtæki í fullum rekstri ásamt 3ja ára leigusamningi. **Verð kr. 4,000,000,-**

Auglýsing um framboð vegna almennra sveitarstjórnarkosninga 23. maí 1998

Eftirtaldir framboðslistar bárust yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar fyrir lok framboðsfrests vegna sveitarstjórnarkosninga er fram fara þann 23. maí 1998 og hafa verið úrskurðaðir gildir.

Ísafirði, 4. maí 1998.
Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar.

B listi Framsóknarflokks

1. Guðni Geir Jóhannesson, framkvæmdastjóri, Mánagötu 5, Ísafirði.
2. Guðrún Hólmsteinsdóttir, lögfræðingur, Fjarðarstræti 2, Ísafirði.
3. Jón Reynir Sigurvinsson, aðstoðarskólameistari, Hafraholti 54, Ísafirði.
4. Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, Önundarfirði.
5. Ingibjörg Vignisdóttir, afgreiðslumaður, Fjarðargötu 60, Þingeyri.
6. Erla Eðvaldsdóttir, húsmóðir, Aðalgötu 12, Suðureyri.
7. Sigurður J. Hafberg, forstöðumaður, Öldugötu 2, Flateyri.
8. Ásvaldur Guðmundsson, umsjónarmaður, Núpi, Dýrafirði.
9. Kristjana Sigurðardóttir, verslunarstjóri, Hraunprýði 2, Ísafirði.
10. Þorvaldur H. Þórðarson, bóndi, Stað, Súgandafirði.
11. Björgmundur Ö. Guðmundsson, húsasmiður, Kirkjubóli, Valþjófsdal, Önundarfirði.
12. Hildigunnur Guðmundsdóttir, bóndi, Auðkúlu, Arnarfirði.
13. Fylkir Ágústsson, bókari, Fjarðarstræti 15, Ísafirði.
14. María K. Valsdóttir, verkakona, Brekkugötu 4, Þingeyri.
15. Bergþóra Annasdóttir, skrifstofumaður, Hrunastíg 2, Þingeyri.
16. Lárus Hagalínsson, vélstjóri, Hlíðarvegi 6, Suðureyri.
17. Magni Örvar Guðmundsson, netagerðarmeistari, Seljalandi, Ísafirði.
18. Kristinn Jón Jónsson, bæjarstjóri, Brautarholti 13, Ísafirði.

D listi Sjálfstæðisflokks

1. Birna Lárusdóttir, fjölmiðlafræðingur, Aðalstræti 37, Þingeyri.
2. Ragnheiður Hákonardóttir, húsmóðir og leiðsögumaður, Urðarvegi 33, Ísafirði.
3. Hildur Halldórsdóttir, líffræðingur, Brimnesvegi 10, Flateyri.
4. Pétur H.R. Sigurðsson, mjólkurtæknifræðingur, Hafraholti 16, Ísafirði.
5. Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir, Seljalandsvegi 73, Ísafirði.
6. Sigurður Þórisson, fiskverkandi, Hjallavegi 27, Suðureyri.
7. Kristín Hálfdánsdóttir, skrifstofumaður, Urðarvegi 58, Ísafirði.
8. Bryndís Birgisdóttir, verslunarmaður, Hjallabyggð 7, Suðureyri.
9. Þorlákur Ragnarsson, afgreiðslustjóri, Silfurgötu 11, Ísafirði.
10. Sighvatur Jón Þórarinsson, bóndi, Höfða, Dýrafirði.
11. Gísli Halldór Halldórsson, verslunarstjóri, Engjavegi 32, Ísafirði.
12. Magnea Guðmundsdóttir, húsmóðir, Hjallavegi 1, Flateyri.
13. Áslaug Jóh. Jensdóttir, framkvæmdastjóri, Austurvegi 7, Ísafirði.
14. Skarphéðinn Gíslason, skipstjóri, Króki 2, Ísafirði.
15. Bjami Georg Einarsson, verkamaður, Fjarðargötu 49, Þingeyri.
16. Friðbjörn Óskarsson, vélstjóri, Bakkavegi 37, Hnífsdal.
17. Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, Árholti 1, Ísafirði.
18. Jónas Ólafsson, bæjarstjóri, Aðalstræti 11, Þingeyri.

K listi Bæjarmálafélags Ísafjarðarbæjar

1. Bryndís G. Friðgeirsdóttir, svæðisstjóri Vestfjarða hjá RKÍ, Hlíðarvegi 37, Ísafirði.
2. Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi, Norðurvegi 1, Ísafirði.
3. Sæmundur K. Þorvaldsson, dúnverkandi, Núpi, Ytri-Húsum, Dýrafirði.
4. Lárus G. Valdimarsson, stundakennari, Aðalstræti 27, Ísafirði.
5. Sigríður Bragadóttir, verkakona, Fjarðarstræti 59, Ísafirði.
6. Elísabet Gunnlaugsdóttir, leikskólakennari, Túngötu 7, Ísafirði.
7. Jóhann Bjarnason, fiskverkandi, Túngötu 6 b, Suðureyri.
8. Jóna Benediktsdóttir, grunnskólakennari, Fjarðarstræti 39, Ísafirði.
9. Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður, Sundstræti 22, Ísafirði.
10. Björn Birkisson, bóndi, Birkihlíð, Súgandafirði.
11. Soffía M. Ingimarsdóttir, leikskólaleiðbeinandi, Goðatúni 4, Flateyri.
12. Eiríkur Örn Norðdahl, nemi, Sundstræti 19, Ísafirði.
13. Jónína Ólöf Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Hafraholti 22, Ísafirði.
14. Jón Ottó Gunnarsson, vélstjóri, Seljalandsvegi 71, Ísafirði.
15. Bergur Torfason, fyrrverandi bóndi, Fjarðargötu 40, Þingeyri.
16. Jóna Símonía Bjamadóttir, skjalavörður, Engjavegi 7, Ísafirði.
17. Guðrún Á. Stefánsdóttir, framhaldsskólakennari, Sólgötu 4, Ísafirði.
18. Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, Hjallavegi 15, Ísafirði.

20 ára fermingarafmæli á Ísafirði

Margir höfðu ekki séð jarðgöngin

„Við fermdumst vorið 1978 og vorum fyrsti hópurinn sem séra Jakob fermdi. Hann var líka staddur hérna núna og var með okkur á þessum samfundi“, sagði Sigríður Jósefsdóttir í samtali við blaðið, en þessi tuttugu ára fermingarsystkini á Ísafirði hittust á heimaslóð um síðustu helgi og var þátttakan mjög góð.

Á föstudagskvöldið byrjaði hópurinn á því að hittast uppi í skíðaskála – „til þess að vekja upp gamlar minningar og gæða sér á pizzu og snakki á meðan. Sumir voru með myndir frá þessum tíma. Síðan hittumst við í kirkjunni eftir hádegið á laugardaginn og þar voru þeir báðir, séra Jakob og séra Magnús. Jakob rifjaði upp minningar frá því að hann kom hér fyrst ungur prestur, þrítugur að aldri, og Magnús sýndi okkur kirkjuna. Eftir það fórum við í rútuferð og byrjuðum á því að fara inn í kirkjugarð og leggja blóm á leiði eins fermingarbróður okkar, Jósefs Heimis Óskarssonar, sem lést í slysi snemma á unglingsaldri. Síðan fórum við til Suðureyrar, en margir í hópnum höfðu ekki séð jarðgöngin áður. Á Suðureyri fórum við í sund og gerðum okkur ýmislegt fleira til skemmtunar. Um kvöldið hittumst við í smávegis fordrykk hjá Gunnari Þór Sigurðssyni á efstu hæðinni í gamla Útvegsbankahúsinu og borðuðum svo í Krúsinni. Þar var séra Jakob aftur með okkur og við skemmtum okkur fram eftir nóttu“, sagði Sigríður.„Við höfum verið mjög dugleg að hittast og notað hvert tækifæri til þess, bæði skólaafmæli og fermingarafmæli. Næst stefnum við að því að hittast eftir tvö ár, þegar við verðum 20 ára gagnfræðingar.“

Við Skíðheima á Ísafirði á tuttugu ára fermingarafmælinu. Fyrir framan: Sóley Guðmundsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir, Hrefna Bjarnadóttir, Veigar Gíslason og Vala Hauksdóttir. Standandi frá vinstri: Sigurður Jónsson, Rannveig Halldórsdóttir, Eyleif Hauksdóttir, Davíð Kjartansson, Ólöf Bolladóttir, Kári Jóhannsson, Oddný Oddsdóttir, Margrét Friðþjófsdóttir, Svanhildur Vilbergsdóttir, Gunnar Þór Sigurðsson, Hrönn Harðardóttir, Snorri Snorrason, Hulda Guðmundsdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Guðmundur Kristjánsson, Guðfinna Sigurjónsdóttir, Aðalheiður Jónsdóttir, Páll Halldórsson, Sigríður Jósefsdóttir, Karitas Halldórsdóttir, Sveinn Sveinsson, Hulda Rúriksdóttir, Vilborg Andrésdóttir, Karl Ásgeirsson, Lína Kristjánsdóttir, Jóhann Jónasson, Margrét Óladóttir, Sigrún Þórólfsdóttir, Ingileif Ástvaldsdóttir, Anný Guðmundsdóttir og Gunnvör Marvinsdóttir.

Auglýsingar og áskrift sími 456 4560

Ungur Bolvíkingur á ge

– Samtal við Bjarna Heiðar Valsson, sjúkraliða, stúdent og tilvonandi hjúkku

Hann er tæplega tuttugu og tveggja ára Bolvíkingur og ætlaði að fara að kenna líffræði á Eskifirði, en lenti í staðinn á geðdeild í Noregi, þeirri erfiðustu í fylkinu. Sem starfsmaður, vel að merkja. Hann er sjúkraliði frá Framhaldsskóla Vestfjarða og lauk einnig stúdentsprófi þaðan fyrir ári. Hann var ekki orðinn átján ára þegar hann byrjaði að vinna með námi sem sjúkraliðanemi á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og var sendur í líkhúsið strax á öðrum degi. Hann stundaði einnig nám við Vélskólann á Ísafirði jafnframt vinnunni á FSÍ og krafðist það einkar tilþrifamikilla handþvotta að fara úr smurolíunni og gírfeitinni beint á sjúkravakt. Hann mun aldrei gleyma dögunum á FSÍ eftir Súðavíkurslysið. Hann stefnir að því í framtíðinni að verða „hjúkka“ – eða á maður kannski heldur að segja hjúkki?

Þessi ungi maður heitir Bjarni Heiðar Valsson. Foreldrar hans eru hjónin Gunnhildur E. Halldórsdóttir og Valur Karlsson (Valli bakari) í Bolungarvík og „litlu“ bræður hans eru þeir Ingibjörn og Halldór Karl. Reyndar eru þeir bræður allir heldur í stærra lagi, en það er önnur saga.

Bjarni kom snögga ferð til Íslands og flýgur aftur utan á morgun. Honum var falið það verkefni að fylgja íslenskum sjúklingi til landsins og fékk þá um leið nokkurra daga frí til þess að skreppa vestur.

Ég fer til Bolungarvíkur að hitta Bjarna og spjalla við hann. Það er fyrsti maí og víða flaggað í bænum á baráttudegi verkalýðsins. Þó er eins og það sé misjafnt eftir götum hversu þétt er flaggað.

Kem ekki í bakaríið nema í neyð

„Valli bakari“ er lítið fjölskyldufyrirtæki í Bolungarvík í fyrrverandi bílskúr við hliðina á íbúðarhúsinu við Holtabrún. „Þetta líkist ekki bílskúr fyrir fimmeyring lengur“, segir Bjarni. Hann þvertekur fyrir að hafa tekið mikinn þátt í vinnunni þar – „ég hef haldið mig eins langt frá því eins og ég hef getað og kem helst ekki inn í bakaríið nema í algerri neyð“ – en hins vegar hafi „litlu“ bræðurnir verið viljugri í þeim efnum.

Bjarni var lengst af eini karlkyns nemandinn á sjúkraliðabrautinni í Framhaldsskóla Vestfjarða. Þó voru þar tveir aðrir strákar um tíma, en þeir hurfu fljótlega, segir hann. „Konu sem kenndi mér í grunnskóla grunaði að ég væri kannski hommi úr því að ég fór í þetta fag.“

Nokkrum dögum fyrir 18 ára afmælið eða í júníbyrjun 1994 fór Bjarni að vinna á FSÍ og var þar þrjú ár samfleytt jafnframt námi. Hann var þar eini karlinn í stétt sjúkraliða á meðal eitthvað á milli 20 og 30 kvenna. Hann segir að það hafi verið sérkennilegur tími þegar hann var samtímis í Vélskólanum og sjúkraliðastarfinu. „Það var jafnan mikill og erfiður handþvottur þegar ég var að fara úr skólanum beint á vakt á sjúkrahúsinu.“

Eini haninn í hópnum en mætti engri kvenrembu

– Nú er oft talað um að konur mæti karlrembu þegar þær „ryðjast“ inn í hefðbundin og aldagömul störf karla. Varðst þú fyrir barðinu á kvenrembu, þegar þú „ruddist“ inn í hóp sjúkraliðanna á FSÍ?

„Nei, alls ekki. Þetta eru ferlega fínar stelpur.“

– Þú hefur ef til vill notið þess frekar en goldið að vera eini haninn í hópnum...

„Já, ætli það hafi ekki frekar verið á þann veginn.“

Starf sjúkraliða felst í umönnun sjúklinganna og er í raun verklegi þátturinn í hjúkruninni. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar starfa hlið við hlið en sjúkraliðar eru lausir við ýmiskonar pappírsvinnu sem hvílir á hjúkrunarfræðingum. Til þess að ljúka hjúkrunarfræði þarf nokkurra ára háskólanám til viðbótar og Bjarni stefnir að því.

Sendur í líkhúsið á öðrum degi

Ég spyr Bjarna hvort það hafi tekið mjög á hann að annast fárveikt og jafnvel dauðvona fólk. Hann segir að í rauninni hafi svo ekki verið. „Ég var sjokkeraður svo vel strax þegar ég byrjaði. Ég var sendur í líkhúsið á öðrum degi. Maður verður ekki svo mjög stressaður eftir þá reynslu.“

– Var þá verið að sýna þér sem byrjanda hvað myndi gerast ef þú ræktir ekki starf þitt af kostgæfni?

„Nei, það er ekki venja að gera slíkt. Það vildi bara þannig til í þetta sinn, að í líkhúsinu var stórvaxið lík sem þurfti að flytja til, og þá vildi svo heppilega til að það var kominn stór strákur á vaktina.“

– Og það hefur verið átak fyrir þig, ekki bara líkamlegt...

„Mér brá vissulega svolítið, rétt átján ára gömlum, að vera kominn í líkhús í fyrsta sinn.“

Fjölbreytt reynsla á FSÍ

– En svo hefur þetta allt vanist...

„Já. Starfið á sjúkrahúsinu á Ísafirði er ákaflega fjölbreytt og spennandi. Þar eru menn ekki alltaf í því sama, eins og á stórum sjúkrahúsum með sérhæfðum deildum, heldur

eðdeild í Noregi

verður maður að vera reiðubúinn að takast á við hvað sem er, hvenær sem er. Það er varla hægt að finna sjúkrahús með öllu meiri fjölbreytni. Í einu herberginu er kannski verið að fást við lærbrot, í því næsta maður sem hefur fengið hjartaáfall og í því þriðja sjúklingur sem er að glíma við krabbamein. En þetta vandist allt. Það var bara einu sinni sem ég gat ekki sofið alla nóttina eftir vakt. Þá varð þar dauðsfall sem snerti mig sérstaklega, þegar kunningi minn dó. Og svo er því ekki að neita, að álagið eftir Súðavíkurslysið var mikið."

Allt virkaði á sjúkrahúsinu þegar á reyndi

– Þú gleymir því væntanlega seint...

„Ég gleymi því aldrei. Það var mikil reynsla. En það var athyglisvert og jafnframt ánægjulegt að sjá, hvernig allt virkaði á sjúkrahúsinu undir þessu mikla og fyrirvaralausa álagi. Ég veit ekki hvort þar var eitthvert sérstakt kerfi tiltækt fyrir slíka atburði, en þetta virkaði allt. Það sem þurfti að gera, það var einfaldlega gert."

Bjami fór utan til Noregs í fyrravor og ætlaði að vera þar um sumarið í ungmennaskiptum og koma svo heim um haustið. „Ég var kominn með stöðu við líffræðikennslu austur á Eskifirði og átti að byrja sem leiðbeinandi við grunnskólann þar síðasta haust." Það breyttist svo á síðustu stundu. Bjarni fékk vinnu á geðdeild á stóru sjúkrahúsi í bænum Förde í Vestur-Noregi og hefur verið þar síðan.

Á fjórum sveitabæjum í Noregi

Tildrög þess að Bjarni fór til sumardvalar í Noregi voru þau, að á FSÍ sá hann auglýsingu um alþjóðleg ungmennaskipti og var hægt að velja milli Noregs og Svíþjóðar. „Ég sótti um að fara til Noregs og var þar þrjá mánuði í fyrrasumar á vegum samtaka sem heita 4H og líkjast raunar engu hér á Íslandi sem ég veit um. Ef til vill má helst líkja því við eins konar samsuðu af skátastarfi og ungmennafélagi. Þeir sem taka þátt í þessu fara á milli sveitabæja og vinna það sem til fellur. Ég var á fjórum sveitabæjum um sumarið, þrjár vikur á hverjum. Og þegar langt var liðið á sumarið, þá frétti ég af þeim möguleika að fá vinnu á geðdeild á sjúkrahúsinu í Förde. Ég fór í bæinn og spurðist fyrir um þetta, og mér var bara sagt að mæta sem fyrst og hafa með tilskilda pappíra að heiman um nám og starfsreynslu. Og þá var ekki um annað að ræða en hringja á Eskifjörð og tilkynna að ég kæmi ekki í kennsluna."

Fylkissjúkrahúsið ekki eingöngu geðsjúkrahús!

Förde er lítill bær í Firðafylki hinu forna („í Fjörðum") á vesturströnd Noregs, nánar tiltekið í héraði sem í gömlum íslenskum ritum nefnist Fjalir eða á Fjölum, rétt norðan við Sognsæ, ekki mjög langt norðan við Björgvin. Ingólfur landnámsmaður sem ýmist er nefndur Arnarson eða Björnólfsson eftir gerðum Landnámabókar er einmitt sagður úr Dalsfirði á Fjölum. Í Förde er stórt fylkissjúkrahús. Ég spyr hvort þetta sé eingöngu geðsjúkrahús.

Bjami hlær sem vonlegt er að þessari spurningu: „Nei, sem betur fer er fylkissjúkrahúsið ekki eingöngu geðsjúkrahús! Þar er aftur á móti sérstök geðdeild með 28 rúmum í einni tveggja hæða álmu." Og Bjarni sýnir undirrituðum póstkort með myndum af bænum, þar sem fylkissjúkrahúsið er myndarleg bygging inni í miðri byggðinni, ámóta áberandi þar og Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði er í sinni heimabyggð. Bærinn Förde er annars allnokkru stærri en Ísafjörður, því að þar búa um níu þúsund manns, álíka margir og Vestfirðingar eru til samans eða helmingi fleiri en á Ísafirði og í Bolungarvík samanlagt.

Margfalt erfiðara en starfið á FSÍ

Á geðdeild sjúkrahússins í Fjörðum eru tvær deildir og starfar Bjarni á móttökudeildinni. Þar eru sjúklingarnir fyrst eftir að þeir koma af öðrum sjúkrahúsum eða að heiman. Tilvikin og ástæðurnar eru af margvíslegum toga, svo sem sjálfsmorðstilraunir og sjálfsmorðshugleiðingar, ofsóknaræði og ýmsar tegundir geðveiki. Vistunartíminn á deildinni þar sem Bjarni vinnur er stuttur. Þegar greiningu er lokið, venjulega innan þriggja vikna, fara sjúklingamir annað. Á deildina koma sjúklingar á öllum aldri, allt frá unglingsárum og fram á elliár. „Sá elsti sem ég man eftir var níutíu og tveggja ára."

– Hver er helsti munurinn á því að vinna þarna frá því sem var á FSÍ?

„Það er að sumu leyti margfalt erfiðara að vinna þarna en á Ísafirði. En kosturinn er hins vegar sá, að þarna deyr enginn. Reyndar fæðist enginn þar heldur."

– Á móttökugeðdeild hlýtur að vera erfiðara að fást við sjúklingana en á langtímadeild...

„Já. Þegar sjúklingarnir koma eru þeir yfirleitt ekki á lyfjum við sjúkdómum sínum og eru í sínu allra versta formi. Vissulega er þetta ekki erfiðasta deildin í öllum Noregi, en hún er sú erfiðasta í þessu fylki. Þegar ekki er hægt að ráða við sjúklingana á öðrum sjúkrahúsum eða stofnunum í fylkinu, þá eru þeir sendir til okkar. Ég nefndi að ég hefði aðeins átt eina svefnlausa nótt í þriggja ára starfi á FSÍ, en það voru ekki liðnar margar vikur þama úti þegar fyrsta svefnlausa nóttin kom. Það var eftir að við þurftum að belta niður mann á aldur við pabba. Þetta var alveg ægilegt, manni leið svo illa. Þetta er síðasta úrræðið þegar ekkert annað virkar og það kemur alltaf fyrir annað slagið. En vinnumórallinn þarna er alveg stórkostlega góður."

Fóta-tak

Jafnvel hin tragísku atvik geta haft sínar kómísku hliðar, hvort sem manni líkar betur eða verr. Bjarni segir frá því, þegar hann var tekinn og beltaður niður fyrir hálfum mánuði eða svo. Það tilvik minnir á söguna af Bakkabræðrum, þegar þeir fóru í fótabaðið á sínum tíma og rugluðust á löppunum á sér. Bjarni var einn ásamt sjúklingi og lenti í einhverjum átökum við hann, en hafði hann undir og upp á bekk og hélt honum þar uns aðstoð bærist. Lágu þeir þar báðir samantvinnaðir þegar tveir læknar komu að litlu síðar. Læknarnir sáu að hér þurfti úrræða við og „tóku til fótanna" til þess að óla þá niður. En þar sem hér var enginn fótaskortur, heldur þvert á móti, varð þeim á að taka fætur Bjarna í misgripum. Þetta heitir víst að vera ekki fótviss.

Starfið byggist mikið á samtölum og trausti

– Þarftu mikið að beita líkamlegu afli í starfinu eða beitirðu sálfræðinni í samskiptum við sjúklingana?

„Það er hvort tveggja. Þetta byggist mjög mikið á samtölum og trausti, en það kemur vissulega fyrir að þurfi að slást við menn. Manni á ekki að bregða neitt þó að einhver komi æðandi og segist ætla að drepa mann. Sem betur fer er það nú ekki venjulegt, en það kemur fyrir. Þegar sjúklingur kemur fylgja með honum upplýsingar um hann, um bakgrunninn og hvað gerst hefur, þannig að við vitum nokkurn veginn hvenær er sérstök þörf á varkárni. Oftast er þetta fólk sem á einhverja sjúkrasögu að baki. Þá er vitað hvort viðkomandi er þekktur fyrir að slá í borðið eða í andlitið eða sparka. Á meðan hann slær bara í borðið, þá er maður rólegur."

Nýtur dönskunámsins að heiman

– Þú segir að starfið byggist mjög á samtölum við sjúklingana. Hvernig gekk þér með norskuna í byrjun?

„Ég talaði náttúrlega ekki orð í norsku þegar ég kom fyrst út í fyrravor. En eftir sumarið var ég orðinn alveg sæmilegur. Fólk hélt að ég væri finnskur. Finnarnir virðast tala norsku á einhvern svipaðan hátt og við."

– Þú hefur auðvitað notið dönskunámsins hér heima á sínum tíma – það er ekki langt á milli dönskunnar og norskunnar...

„Já, það var alveg merkilegt hvað danskan reyndist hafa setið í manni. Þegar ég var að læra hana á sínum tíma héldum við að hún væri eitthvað sem aldrei yrðu not fyrir. Ég gat strax lesið dagblöðin í Noregi þegar ég kom út, en ég skildi fyrst ekkert hvað fólk var að segja. Ég átti til að svara heldur betur bjánalega þegar ég misskildi það sem sagt var við mig. Þegar ég var spurður hvernig ég hefði það, þá sagði ég kannski nei."

– Hyggstu ílendast í Noregi við þessa sérgrein sjúkraliðastarfsins?

„Nei, ég er bara að læra og afla mér reynslu. Þetta er ákaflega lærdómsríkt. "

Launin betri en heima

– Hver er munurinn á launakjörum í Noregi og hérna heima?

„Grunnlaunin hér voru liðlega 70 þúsund en úti eru þau tæp 130 þúsund. Þar eru útborguð grunnlaun eftir að búið er að draga frá skatta um 100 þúsund, miðað við enga aukavinnu. Á móti kemur að ýmsar vörur eru dýrari úti."

En grunnlaunin segja kannski ekki mikið um heildarlaunin. Á aukavöktum er kaupið tvöfalt og enn meira á „rauðum" dögum. „Ég bý rétt hjá sjúkrahúsinu og oft er

Skutull í vandræðum

Enn dregur nær kosningum. Í Ísafjarðarbæ gerist lítið ef frá er talin útgáfa Skutuls. En nú er Skutull gamli kominn í mikil vandræði. Þetta virðulega stuðningsblað Alþýðuflokksins styður nú alla flokka jafnt að frátöldum Sjálfstæðisflokknum, og reyndar Framsóknarflokknum á Ísafirði. Í Bolungarvík er allt hrist saman, í Vesturbyggð bólar ekki á Alþýðuflokki, en þar er til eitthvað sem heitir „Samstaða". Það er aumkunarverð staða fyrir þetta gamla og virðulega kratablað, að geta ekki barist fyrir Alþýðuflokkinn. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi til næsta bæjar, að Skutull væri orðinn munaðarlaus, þótt einungis væri í sveitarstjórnarkosningum. Einmitt þess vegna er fróðlegt að kynna sér efni þessa tölublaðs, sem kemur út þremur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Fyrir utan að biðja lesendur að styðja bræðing af öllu tagi í þremur stærstu sveitarfélögum Vestfjarða, er ekkert annað efni en leiðarinn. Hann er eins konar afsökun fyrir tilgangsleysi þessarar útgáfu. Reyndar er á öðrum stað vikið að aldri blaðsins og því að ritstjórinn er mjög stoltur af því að geta stutt bræðinginn og þá væntanlega yfir því, að þurfa ekki að styðja Alþýðuflokkinn. Í leiðaranum er svo lítillega vikið að bæjarstjórnarkosningum í Bolungarvík. Þar eru víst aðeins tveir listar í kjöri, „Bræðingur" og Sjálfstæðisflokkur. Nú bregður svo við að aldur er ekki lengur virðingarverður.

Málefni aldraðra?!

Í samfélagi jafnaðarmennsku skyldi mega ætla að fólki væri ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúarbragða eða stjórnmálskoðana. Þetta síðasta er víst mismununaratriði og refsivert í flestum vestrænum ríkjum. Ísland er þeirra á meðal. Hin atriðin falla líka í þennan flokk. Það verður að fyrirgefa ritstjóra Skutuls að mismuna fólki á grundvelli stjórnmálaskoðana ef það gilti um alla aðra en krata. En þeir einu sem er úthýst í jafnaðarstefnu Skutuls eru sjálfstæðismenn og aldraðir, að ógleymdum framsóknarmönnum á Ísafirði.

Svo bregður við, að í leiðaranum er það talið eina skynsamlega ástæða þess að kjósa bræðingin, að bæjarstjórinn í Bolungarvík sé orðinn gamall og þreyttur! Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri er 62 ára og verður 63 ára gamall undir árslok. Afstaða Skutuls til aldurs er skrýtin. Það er undarleg afstaða og á skjön við það sem almennt tíðkast að telja 62 ára mann vera gamlan mann. Enn þá undarlegri er hrokinn í garð aldraðra. Hér er átt við þá sem uppfylla skilyrðin til að teljast aldraðir. Venjulega er miðað við 67 ára aldur, en þá eiga menn þess kost að fá ellilífeyri úr ríkissjóði. Þó er heimilt að vinna til 70 ára aldurs hjá ríkinu og sveitarfélögunum.

Það er sem sagt eina pólitíska yfirlýsing Skutuls að þessu sinni, að 62 ára gamall maður sé pólitískt fatlaður vegna þess eins að vera fæddur árið 1935! Stefnuskrá er hvergi að finna í blaðinu og Alþýðuflokkinn og baráttumál hans er þar hvergi að sjá. Aumur hlýtur „Bræðingurinn" eða „Hristingurinn" að vera ef ein pólitíska ástæðan til að kjósa hann er aldur Skutuls „gamla" annars vegar og Ólafs Kristjánssonar hins vegar, þótt sá síðarnefndi sé snöggtum yngri og sýni snöggtum minni aldursmerki en kratablaðið.

Þreytumerkin eru augljós á Skutli. Auk þess mismunar hann framsóknarmönnum og styður þá í Bolungarvík en ekki á Ísafirði. Ekkert hefur komið fram um að Kristinn Jón Jónsson, sem er bæjarstjóri með stuðningi Alþýðuflokks í Ísafjarðarbæ, verði það áfram. Enda ræður næsta bæjarstjórn bæjarstjóra. En það hugnast ritstjóranum vel að hafa framsóknarmann að pólitískum leiðatoga í Bolungarvík en ekki á Ísafirði.

Pólitísk blaðagrein!

Að öðru leyti bólar lítið á pólitíski starfi. Sá sem skipar 5. sætið á lista sjálfstæðisflokksins,skrifaði grein hér í BB í síðustu viku. Nú er það vitað, að í stjórnmálum grípa menn oft til þess að gera lítið úr pólitískum andstæðingum sínum, eins og gert var í Skutli. Hins vegar bólar lítið á málefnalegri umræðu. Við lestur greinar „oddvita sjálfstæðismanna í minnihluta" vex hlutur hennar ekki. Sagan um fjöðrina og hænurnar fjallaði um söguburð, það er hvernig raunveruleikinn magnast í meðförum margra. Þannig óx fjöðrin eftir því sem sagan var borin milli fleiri manna. Tilvísun til hennar var því á skjön við efni greinarinnar.

Á það er fallist með greinarhöfundi að allt fjárhagslegt bolmagn skortir til framkvæmda í Ísafjarðarbæ að svo stöddu. Hinu er óþarfi að gleyma, að Þorsteinn Jóhannesson var oddviti meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem varði umtalsverðum fjármunum til könnunar á nýtingu Norðurtangahúsanna, þó vitað væri að meirihluta skorti í bæjarstjórn, svo sem hér var vikið að í síðustu viku. Hvað kostaði það ævintýri skattgreiðendur á Ísafirði að frátöldum biðlaunum bæjarstjóra?

Sigurður R. Ólafsson hlýtur að svara fyrir sig og upplýsa hvernig staðið skuli að framkvæmdum. En þegar allur sá vandræðagangur, sem fylgdi tillögum í skólamálum er skoðaður, þarf að svara mörgum spurningum, ekki síst um vinnubrögð. Kjósendur vilja vita það, annars kjósa þeir einfaldlega leið Sigurðar, sem Þorsteinn andæfir. Hvernig var tíminn notaður 1994 til 1997 og hvað var gert? Það er kjarni málsins. Enn skortir stefnu allra framboðanna! Hvað á að gera?

Stakkur

hringt og spurt hvort ég geti ekki komið á stundinni, þegar eitthvað kemur upp á. Það er nóg vinna ef maður vill. Undanfarna mánuði hef ég til dæmis unnið allar fríhelgar.“

– Maður heyrir oft um svimandi há laun í Noregi? Er það orðum aukið?

„Nei, alls ekki. Ég þekki stráka sem hafa ekki lært neitt og eru að dunda við að gera upp gömul hús og þeir eru með yfir tvö hundruð þúsund á mánuði. En ég er bara að vinna við það sem ég hef áhuga á. Samt ætla ég mér helst ekki að vinna það sem eftir ævinnar sem sjúkraliði, heldur ætla ég að verða „hjúkka“ einhvern tímann.“

Búinn að sækja um í hjúkrunarfræði

Til þess að verða hjúkrunarfræðingur þarf Bjarni til viðbótar fjögurra ára nám á Íslandi en þrjú ár í Noregi. „Ég er búinn að sækja um að komast í hjúkrunarfræðinám í Förde en ekki búinn að fá svar. Þar er góður hjúkrunarfræðiskóli.“

– Stefnirðu svo að því að koma heim aftur?

„Já, einhvern tímann! Það eina sem ég veit með vissu núna er að ég verð þarna út sumarið. Að vísu er ég búinn að nefna það að vinna þarna eitt ár í viðbót, jafnframt því sem ég sótti um skólann, en auk þess er ég líka búinn að sækja um skólavist á Akureyri. Svo verð ég bara að velja þegar möguleikarnir liggja fyrir. Mest langar mig til að vinna eitt ár enn og afla mér meiri reynslu.“

Engin geðdeildargrýla lengur

– Hvaða búnaður er þarna til að hafa hemil á sjúklingum, þegar lyf duga ekki? Til eru ýmsar næsta hrollvekjandi frásagnir af geðsjúkrahúsum á fyrri tíð...

„Það er engin geðdeildargrýla lengur. En við eigum nokkur beltarúm og öryggistæki sem við berum á okkur.“

– Einhverjir gúmmíklefar?

„Það eru vissulega til mjúkir klefar á ýmsum geðdeildum, en ekki þar sem ég vinn. Það er talað um að þar þyrfti að hafa einn eða tvo slíka klefa, en við höfum einangrunarherbergi ef nauðsyn krefur. Þau eru því miður ekki hljóðeinangruð. Stundum veitti ekkert af því.“

Mikið er um gönguferðir og útivist með þeim sjúklingum sem eru í standi til þess. Reglulega er farið í fjallgöngu og tvisvar í viku í sund. „Ef deildin er sæmilega létt, þá getur verið virkilega gaman og maður er hreinlega að leika sér í vinnunni, spila körfubolta eða tennis eða kasta skeifum, fara í bíltúr eða út að hjóla. Jafnvel eru dæmi um að farið sé með sjúklingum í bíó“, segir Bjarni. En vissulega er deildin ekki alltaf létt og stundum getur hann verið bundinn inni yfir einum sjúklingi alla vaktina.

Allt í lagi að slá stóran karlmann

Bjarni neitar því að hann hafi nokkurn tímann orðið hræddur í vinnunni – „ekki beinlínis skíthræddur. En ég hef stundum orðið smeykur. Vegna þess hversu stór ég er, þá er ekkert tabú að slá mig. Sjúklingarnir hafa miklu meiri innbyggðar hömlur gagnvart því að slá smávaxið kvenfólk.“

– Hefurðu lært eitthvað sérstaklega í sjálfsvörn, ef á þig er ráðist?

„Nei, en ég á aftur á móti tvo bræður“, segir Bjarni og hlær. „Það eina sem ég hef lært var einhvem tíma þegar ég var í grunnskóla. Þá var okkur kennt hvernig maður gæti losað sig úr tökum. Við eigum aftur á móti ekki að standa í slagsmálum við sjúklingana. Annað hvort er að halda sjúklingi þangað til aðstoð berst, eða hafa sig á burt ef við ofurefli virðist vera að etja. Vanalega er ég ekki í neinum vandræðum með að halda mönnum, ef þörf er á.“ (Því má skjóta hér inn, að Bjarni er vel yfir einn og níutíu á hæð).

Hjúkka með vélvirkjamenntun á FSÍ?

„Einu sinni vorum við með mann sem var álíka stór og ég en áreiðanlega tuttugu kílóum þyngri. Hann fékk mig til að skjálfa aðeins í hnjánum. Þegar slíkir menn verða verulega æstir, þá eigum við ekkert við þá, heldur hringjum á lögregluna og leyfum henni að kljást við þá. Þeir komu aldrei færri en fjórir þegar þessi maður átti í hlut.“

Já, líklega hefur Bjarni Valsson sjaldan þurft að hringja á fjóra lögreglumenn til aðstoðar þegar hann vann á FSÍ. En óneitanlega er það sérkennileg tilhugsun, að ef til vill eigi Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði eftir að njóta starfskrafta hjúkku sem hefur lært vélvirkjun.

– Hlynur Þór Magnússon.

Þegar Bjarni hætti á FSÍ fyrir tæpu ári héldu systur hans í sjúkraliðastarfi honum kveðjuhóf og skoruðu á hann að koma í samsætið íklæddur hinum nýja þjóðbúningi íslenskra karlmanna. Frá vinstri: Jóna, Eyrún, Bjarni, Sólveig, Árný, Guðrún og Heiða.

Bjarni Valsson ásamt Kristínu Gísladóttur á FSÍ. Þessi mynd er ólík öðrum sem til eru af Bjarna ásamt starfssystrum sínum þar á bæ, því að venjulega ber hann höfuð og jafnvel herðar yfir þær. Ástæða þess að hann gerir það ekki hér er sú, að hann situr en Kristín stendur.

Kristrún Guðmundsdóttir, Bjarni Valsson og Helga Sigurgeirsdóttir í skurðstofudyrum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Afmæli

80 ára

Þriðjudaginn 12. maí verður Kristjana Samúelsdóttir áttræð.

Hún tekur á móti vinum og vandamönnum í Oddfellowhúsinu, Aðalstræti 35, Ísafirði, laugardaginn 9. maí kl. 20:00.

Kirkjukaffi

Hin árlega messa og kirkjukaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík fer fram sunnudaginn 10. maí kl. 14 í Áskirkju.

Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson þjónar fyrir altari.

VEGAGERÐIN

Vélamaður

Staða vélamanns hjá Vegagerðinni á Patreksfirði er laus til umsóknar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

Stjórn vinnuvéla og bifreiða.

Almenn verkamannastörf.

Ýmis verkefni tengd viðhaldi bifreiða og vinnuvéla.

Æskilegar menntunar- og hæfniskröfur:

Réttindi til að stjórna vinnuvélum.

Réttindi til að aka bifreið sem er 3.500 kg að heildarþunga eða meira.

Góðir samstarfshæfileikar.

Nánari upplýsingar veitir Eiður B. Thoroddsen hjá Vegagerðinni á Patreksfirði í síma 456 1533.

Nýju stálskipi hleypt af stokkunum í Skipasmíðastöðinni hf. á Ísafirði

Meira að segja hnífapör í skúffunum

Reykjaborg RE 25 hleypt af stokkunum hjá Skipasmíðastöðinni hf. á laugardag.

Stálbáturinn Reykjaborg RE 25 hljóp af stokkunum í Skipasmíðastöðinni hf. á Ísafirði sl. laugardag. Þetta er sérútbúinn dragnótabátur, um 50 brúttórúmlestir, smíðaður fyrir samnefnt fjölskyldufyrirtæki í eigu Guðbjargar Gunnarsdóttur, ekkju Haraldar Ágústssonar, hins fræga síldarskipstjóra, og barna þeirra, en þau hjónin voru bæði Strandamenn. Guðbjörg gaf skipinu nafnið við sjósetninguna.

Verið er að vinna síðustu handtökin í Reykjaborginni þessa dagana. Báturinn verður afhentur í næstu viku eða um aðra helgi með öllum búnaði nema veiðarfærum. „Það verða hnífapör í skúffunum, pottar og pönnur og sjókortin verða á sínum stað þannig að báturinn getur farið beint á veiðar“, segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar hf.

Í bátnum eru fjölmargar nýjungar í búnaði og fyrirkomulagi, sem ekki hafa sést áður í nýsmíði af þessari stærð. Lestin er innréttuð sérstaklega fyrir kör og öll klædd ryðfríu stáli. Við hönnunina var lögð áhersla á sjóhæfni og öryggi áhafnar, ásamt því að uppfylla nútímakröfur um vinnuaðstöðu og meðferð afla. Mesta lengd skipsins er 18 m og breidd 5,50 m og aðalvél er 470 hö.

Sex menn verða í áhöfn Reykjaborgar.

Reykjaborg RE 25 er annað stálskipið sem Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði smíðar frá því að fyrirtækið var stofnað á rótum Skipasmíðastöðvar Marsellíusar hf. fyrir nokkrum árum. Fyrsta stálskip fyrirtækisins var Sandvík SK, 30 brúttórúmlestir, sem afhent var í desember 1996. Þá var lokið margra ára hléi á nýsmíðum á Ísafirði eða frá því að togbáturinn Þór Pétursson var smíðaður árið 1989.

Sigurður Jónsson telur framtíðarhorfur fyrirtækisins góðar. „Við erum að byrja á 30 brúttórúmlesta dragnótabát fyrir Stapavík ehf. á Akranesi og nokkur önnur verkefni eru í bígerð. Við erum nokkuð bjartsýnir á að út úr því komi fleiri samningar um nýsmíðar.“

Smíðatíminn á hverjum bát hjá stöðinni getur verið frá fimm til níu mánuðir. Byrjað var á Reykjaborginni í október sl. og hefur verkið því tekið um hálft ár. Auk um 25 starfsmanna Skipasmíðastöðvarinnar hafa fjölmargir undirverktakar unnið við smíðina. „Það væri hentugt fyrir okkur og hæfilegt álag að geta smíðað tvo til þrjá báta af þessu tagi á ári“, segir Sigurður.

„Ennþá erum við einir í nýsmíðum á Íslandi. Eina samkeppnin við okkur hér innanlands er frá aðilum í Hafnarfirði sem eru að flytja inn skrokka frá útlöndum til að klára. Hins vegar er grimm samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar.“

Skipasmíðastöðin hf. hefur á undanförnum árum lagt talsvert fé í þróun og hönnun á nýjum skipum. Jafnframt hefur mikil áhersla verið lögð á

Skipinu gefið nafnið Reykjaborg.

aukna framleiðni í smíðinni og hafa í því skyni m.a. verið innleidd ný vinnubrögð með tölvuvæðingu á allri hönnun. Fyrirtækið er nú þátttakandi í samevrópsku þróunarverkefni með skipasmíðastöðvum í Hollandi, Bretlandi og Portúgal, ásamt háskólum og rannsóknastofnunum. Verkefni þetta beinist að aukinni framleiðni í litlum skipasmíðastöðvum með notkun á tölvustuddri hönnun og framleiðslu.

Lárus Valdimarsson, fjórði maður á lista Bæjarmálafélags Ísafjarðarbæjar skrifar

Frumkvæðið er okkar

Lárus K. Valdimarsson.

Undangengnar vikur hefur hópur fólks af K-listanum ásamt stuðningsmönnum hans lagt vinnu í mótun stefnu listans í komandi kosningum. Stefna listans í helstu málaflokkum verður birt í heild sinni í fyrsta tölublaði listans sem kemur út innan skamms. Nú er það eðli slíkra stefnulýsinga að einungis er í stuttu máli lýst helstu áhersluatriðum hvers málaflokks, því er nauðsynlegt að útskýra og rökstyðja þær forsendur sem liggja að baki þessum áherslum í grein sem þessari. Í þessari grein er það markmið undiritaðs að skýra helstu atriði stefnu K-listans í atvinnumálum.

Ábyrgð og hlutverk bæjarstjórnar

Atvinnulíf er einn af hornsteinum hvers byggðarlags því afkoma þess ræður úrslitum í tekjuöflun bæði íbúa og byggðarlagsins í heild.

Fjárhagsleg afkoma ákvarðar síðan möguleika sveitarfélagsins við að mæta þeim síauknu kröfum sem fólk gerir í samfélagi nútímans. Mikilvægi öflugs atvinnulífs í tilvist sveitarfélags leggur því mikla ábyrgð á hendur þeim sem veljast til stjórnar þess, en þá vaknar sú spurning með hvaða hætti geta sveitarstjórnarmenn haft áhrif á atvinnulíf í sínu sveitarfélagi.

Svar okkar við því er að í fyrsta lagi verði bæjaryfirvöld að hafa frumkvæði að samstarfi við þá er þegar starfa á þessum vettvangi s.s. Atvinnuþróunarfélagið og Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Í öðru lagi er það hlutverk bæjarstjórnar og stofnana bæjarins að skapa heilbrigt og hvetjandi starfsumhverfi fyrir atvinnulífið þannig að fyrirtæki hafi sem best tækifæri til vaxtar og það takist að laða ný fyrirtæki til bæjarfélagsins. Markmiðinu um heilbrigt og hvetjandi starfsumhverfi verður að okkar mati best náð með því að skapa jafngóð ytri rekstrarskilyrði og best gerist í öðrum sveitarfélögum. Einnig er mikilvægt að viðmót bæjaryfirvalda gagnvart fyrirtækjum einkennist af jákvæðni í öllum samskiptum og skjótri afgreiðslu erinda eftir því sem kostur er. Hugmyndum að nýsköpun í atvinnulífi verði veittur stuðningur með leiðbeiningu um ráðgjöf og fjármögnun.

Ástandsgreining og stefnumörkun

Til þess að leysa þau vandamál sem einhæfi atvinnulífsins hér hefur skapað er að okkar mati nauðsynlegt að ráðast í það verkefni að framkvæma ítarlega greiningu á stöðu atvinnulífsins eins og hún er í dag. Í þessari greiningu verði einnig kannað hvar styrkleikar/veikleikar byggðarlagsins liggja með tilliti til mögulegrar uppbyggingar fjölbreytts og öflugs atvinnulífs.

Það er frumforsenda fyrir árangri á þessu sviði að þessi greining sé í senn ítarleg og vönduð því mótun framtíðarstefnu með bæði vel skilgreindum og raunhæfum markmiðum verður að byggjast á niðurstöðum hennar. Ríka áherslu verður að leggja á að uppbygging atvinnulífs með framangreindum markmiðum er langtíma verkefni sem kallar á samstöðu allra viðkomandi óháð flokkspólitík, svo fremi menn setji hagsmuni bæjarfélagsins í öndvegi.

Menntun og endurmenntun

Þáttur menntunar/endurmenntunar er að verða enn mikilvægari en verið hefur til þessa. Beinn ávinningur bæjarfélagsins af góðu aðgengi við þá „upplýsingahraðbraut“ sem nú er í örum vexti er margvíslegur og því verður að tryggja að sú braut tengist okkur á sem víðtækastan hátt.

Nokkur helstu atriði sem benda má á eru möguleikar starfsfólks bæjarins s.s. kennara á öllum stigum skólakerfisins að afla sér réttinda og aukinar þekkingar, að íbúar þurfi ekki að flytjast búferlum til annarra landshluta vegna menntunar/endurmenntunar, mögueikar fyrirtækja til samstarfs og þróunar ásamt sköpun starfa í fjarvinnslu og þannig mætti lengi telja. Af þessu má ljóst vera að samstarf ríkis, bæjar og fyrirtækja á þessu sviði gæti skipt sköpum um búsetu hér í sveitarfélaginu í komandi framtíð.

Að lokum

Hér hafa verið rakin nokkur helstu áhersluatriði K-listans í atvinnumálum. Það er von þess sem þetta ritar að varpað hafi verið ljósi á þær áherslur sem við í K-listanum leggjum upp með í þessari kosningabaráttu í þessum málaflokki. Það er einnig von okkar að menn haldi sér við málefnalega umræðu í komandi baráttu því annað ber einungis vott um ábyrgðarleysi gagnvart kjósendum sem og framtíð sveitarfélagsins í heild.

Að síðustu er hollt að hafa í huga að ef við íbúar sveitarfélagsins höfum ekki trú á getu okkar og vilja til að skapa öflugt og lifandi bæjarfélag, þá mun enginn annar hafa þá trú og því er frumkvæðið okkar.

-Lárus. K. Valdimarsson.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu er Toyota Touring GLI árg. 1991, ekinn 113 þús. km. Verð kr. 870 þúsund. Upplýsingar í símum 456 4244 og 456 4566.

Til sölu er 22 feta **Flugfiskur** í handfærakerfinu. Vel útbúinn tækjum m.a. þrjár DNG rúllur. Allir dagar ónýttir. Upplýsingar í símum 456 7304 og 853 5474.

Til leigu er lítið 3-4 herb. einbýlishús. Upplýsingar í síma 456 4345.

Til sölu er **MMC Pajero,** dísel, turbo, árg. 1987. Naglardekk á álfelgum fylgja. Uppl. gefur Rúnar í síma 456 4364.

Óska eftir húsgögnum, ódýrt eða gefins, s.s. rúmi, hjónarúmi, svefnsófa, sófasetti eða sófaborði. Uppl. í síma 456 4364.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Uppl. í síma 456 4727.

Til leigu er 2ja herb. kjallaraíbúð að Hlíðarstræti 13 í Bolungarvík. Uppl. í síma 456 7273.

Stapi ÍS, 5 tonna plastbátur er til sölu án veiðiheimilda. Uppl. í síma 456 7358.

Óska eftir að kaupa **skellinöðru**. Uppl. í síma 456 7093.

Til sölu er **Izusu** Trooper árg. 1982. Lítur mjög vel út. Selst ódýrt vegna flutninga. Uppl. í síma 456 5308.

Til sölu er Palomina **fellihýsi** árg. 1997. Eitt með öllu. Gott staðgreiðsluverð. Uppl. í síma 456 4372.

Óska eftir 2ja-3ja herb. íbúð á leigu frá og með 1. júní á Ísafirði. Upplýsingar gefa Sara í síma 456 3013 og Rakel í síma 456 4847.

Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri. Íbúð í toppstandi og bíll í góðu lagi seljast saman á kr. 950 þúsund. Uppl. í símum 456 3128 og 894 7528.

Til sölu er **Simo kerra**, vel með farin. Uppl. í síma 456 4381.

Til sölu er Subaru **Justy árg. 85.** Þarfnast smávægilegrar viðgerðar. Selst á kr. 100 þús. stgr. Uppl. í síma 456 5455 á kvöldin.

Óska eftir að **passa börn** í sumar. Ég er 13 ára og vön börnum. Uppl. í síma 456 4057 eftir hádegi.

Til sölu er MMC Space-Wagon 4x4 árg. 91, ekinn 93 þús. km. Sumar- og vetrardekk, dráttarkrókur. Skoðaður 1999. Fallegur bíll. Verð kr. 795 þús. Uppl. gefur Sturla í símum 456 6216 og 456 3450.

Til sölu eru **ódýrir leikir** í PC-tölvur. Uppl. í síma 456 3377.

Til sölu er Minolta **myndavél** X700 með 50mm linsu og 100-200 mm zoomlinsu og tösku. Uppl. í síma 456 4721 eftir kl. 19.

Til sölu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Laus eftir samkomulagi. Uppl. í símum 564 5045 og 898 3834.

Til leigu er Smiðjugata 12 á Ísafirði, sem er 2ja herb. 28 m² íbúð. Uppl. gefur Margrét í síma 456 4721 eftir kl. 19.

Vantar þig sendil? Sendist út um allan bæ. Uppl. í síma 456 4184 í hádeginu og á kvöldin. Boðtæki 845 3626. Gulli sendill.

Tek að mér **matreiðslu** á tælenskum mat fyrir smápartý. Einnig tek ég að mér ræstingar. Uppl. í síma 456 4248.

Er að byrja að búa. Vantar sófa, helst gefins. Uppl. í síma 456 4465.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Uppl. í síma 456 3107.

Óskum eftir að kaupa gamlat **timburhús** á Eyrinni á Ísafirði ca. 100-150 m² á skynsamlegu verði. Uppl. í síma 456 4258 á kvöldin.

Til sölu eða leigu

Húseignin að Holtabrún 7 í Bolungarvík er til sölu eða leigu.

Upplýsingar gefur Kristján Jónatansson í hs. 564 5052 eða vs. 564 1990.

Rekstur mötuneytis

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskar eftir rekstraraðila til að reka mötuneyti á 4. hæð Stjórnsýsluhússins. Um er að ræða mat í hádeginu alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Óli M. Lúðvíksson í síma 456 3733.

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

Ásthildar Sigurrósar Jóhannsdóttur
Heimabæ, Arnardal

Jóna S. Marvinsdóttir
A. Unnsteinn Marvinsson
Þorsteinn I. Marvinsson
Jóhann B. Marvinsson
Gunnvör R. Marvinsdóttir
Kristján A. Helgason
Vilborg S. Birgisdóttir
Katrín Phumeípraman
Þórdís M. Sumarliðadóttir
Guðjón J. Jónsson

Elskulegur sonur okkar

Jón Örnólfs Jóhannsson

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði mánudaginn 4. maí. Útför hans fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 9. maí kl. 14:00.

Evalía Sigurgeirsdóttir Jóhann Kristjánsson

ÍSAFJARÐARBÆR

VINNUSKÓLI ÍSAFJARÐARBÆJAR

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar óskar eftir flokksstjórum í sumar, helst ekki yngri en 20 ára, á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og á Ísafirði.
Upplýsingar í símum 894 2735 og 456 3722.

Forstöðumaður Vinnuskóla.

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Kjörskrá Ísafjarðarbæjar vegna bæjarstjórnarkosninganna 23. maí 1998 liggur frammi á bæjarskrifstofunum á Ísafirði frá kl. 10-15 alla virka daga frá 13. til 22. maí næstkomandi.

Ísafirði 5. maí 1998
Bæjarstjórar Ísafjarðarbæjar.

ÚTBOÐ, ENDURBÆTUR Í GRUNNSKÓLA

Bæjarsjóður Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í innanhússmíði í Grunnskólanum á Ísafirði. Um er að ræða að útbúa tölvuherbergi í nýja barnaskólanum og breytingu á tveimur herbergjum í gagnfræðaskóla.
Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með föstudeginum 8. maí á kr. 2.000.- eintakið.
Tilboð í verkið verða opnuð á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 19. maí kl. 11:00.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Horfur á fimmtudag:
Norðaustlæg átt. Stinningskaldi eða allhvasst norðvestan til en yfirleitt kaldi annars staðar. Víðast bjart vestanlands. Hiti 0-7 stig, hlýjast á suðausturlandi.

Horfur á föstudag:
Vind lægir, fyrst um landið vestanvert. Dálitlar skúrir um landið austanvert en þurrt og víða bjart annars staðar. Hiti 1-7 stig.

Á laugardag og sunnudag:
Hæg suðlæg átt og víða bjartviðri, einkum um landið norðanvert. Hiti 5-10 stig.

Á mánudag:
Vaxandi sunnanátt með rigningu vestanlands en hægum vindi austan til.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HELGAR sjónvarpið

MIÐVIKUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Tilgangur lífsins (e)
14.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.10 NBA molar
15.35 Tengdadætur (14:17) (e)
16.00 Súper Marió bræður
16.20 Guffi og félagar
16.45 Borgin mín
17.00 Dynkur
17.15 Glæstar vonir
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210 (30:31)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Moesha (9:24)
20.35 Ellen (21:25)
21.05 Lífverðir (2:7)
22.05 Viðskiptavikan (11:12)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Tilgangur lífsins (e)
01.30 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Bróðir Sherlocks (e)
15.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Með afa
17.15 Guffi og félagar
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ljósbrot (28:33)
20.40 Systurnar (23:28)
21.35 Sundur og saman í Hollywood
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (1:22)
23.40 Hvar eru börnin? (Where Are My Children?)
01.15 Bróðir Sherlocks (e)
02.45 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 New York löggur (1:22)
13.50 Ellen (21:25) (e)
14.15 Che Guevara í nærmynd
15.10 NBA tilþrif
15.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.00 Skot og mark
16.25 Guffi og félagar
16.50 Jói ánamaðkur
17.15 Glæstar vonir
17.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Ljósbrot (28:33) (e)
18.30 Punktur.is (10:10)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Hættulegt hugarfar (9:17) (Dangerous Minds)
21.05 Jack
23.05 Lögregluforinginn Jack Frost
00.50 Netið (e) (The Net)
02.45 Sögur að handan
04.15 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Smásögur
10.05 Bíbí og félagar
11.00 Ævintýri á eyðieyju
11.30 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.25 NBA molar
12.55 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.20 Hart á móti hörðu
14.50 Veiðiþjófarnir (e)
16.35 Línudans (e) (All That Jazz)
18.35 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Simpson-fjölskyldan (13:24)
20.35 Bræðrabönd (4:22)
21.10 Ein á báti
22.50 Eyja dr. Moreaus
00.30 Línudans (e)
02.30 Heltekinn (e)
04.15 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Timon, Púmba og félagar
09.55 Andrés Önd og gengið
10.15 Svalur og Valur
10.40 Andinn í flöskunni
11.05 Ævintýrabækur Enid Blyton
11.35 Madison (32:39) (e)
12.00 Húsið á sléttunni (21:22)
12.45 Viðskiptavikan (11:12) (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 Gillette sportpakkinn
16.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.40 Vegferð manns (e)
18.35 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ástir og átök (9:22)
20.35 Sporðaköst (5:6)
21.10 Beðið eftir Michelangelo
22.45 60 mínútur
23.35 Nótt hershöfðingjanna
01.55 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

FIMMTUDAGUR

07.30 Skjáleikur
10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (1:21)
19.00 Loftleiðin (2:36)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Frasier (7:24)
21.00 Saksóknarinn (11:22)
22.00 Leiðin til Frakklands (5:16)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Skjáleikur

FÖSTUDAGUR

07.30 Skjáleikur
10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (39:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Fjör á fjölbraut (24:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dengsi og sá digri
22.40 Óvígur innrásarher (1:2)
00.10 Saksóknarinn (2:22)
00.55 Útvarpsfréttir
01.05 Skjáleikur

Framboðslistar í Bolungarvík

Í sveitarstjórnarkosningunum þann 23. maí nk. eru í boði tveir listar frambjóðenda í Bolungarvík

D-listi Sjálfstæðisflokks

1. Örn Jóhannsson
2. Ásgeir Þór Jónsson
3. Elísabet Hálfdánardóttir
4. Ólafur Kristjánsson
5. Magnús Hávarðarson
6. Jakob Flosason
7. Sölvi R. Sólbergsson
8. Helgi Jónsson
9. Finnbogi Bjarnason
10. Signý Þorkelsdóttir
11. Stefán Arnalds
12. Halldóra Kristjánsdóttir
13. Guðmundur Einarsson
14. Hildur Einarsdóttir.

R-listi, Víkurlistinn

Sameiginlegur listi Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og óflokksbundinna

1. Valdemar Guðmundsson
2. Ketill Elíasson
3. Hafliði Elíasson
4. Alda Jóna Ólafsdóttir
5. Jóhann Hannibalsson
6. Karl Ágúst Gunnarsson
7. Sigurður Á. Þorleifsson
8. Ingunn Sveinsdóttir
9. Jóhanna Bjarnþórsdóttir
10. Hjördís Jónsdóttir
11. Valdimar Lúðvík Gíslason
12. Ingvi Þór Sigurðsson
13. Guðmundur M. Daðason
14. Margrét K. Jónasdóttir

Yfirkjörstjórn í Bolungarvík

Húsasmiðir!

Húsasmiðir óskast til starfa. Mikil vinna framundan. Góð laun fyrir duglega menn.

Ágúst og Flosi hf., sími 456 5500.

Auglýsingar og áskrift sími 456 4560

LEITIÐ EKKI LANGT YFIR SKAMMT! HJÁ OKKUR ER MESTA OG BESTA ÚRVALIÐ!

Opnunartími í Vídeóhöllinni
Frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30 alla daga
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!

Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin – við Norðurveg 456 4853

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Þingsjá
10.55 Formúla 1
12.10 Skjáleikur
13.05 Þýska knattspyrnan
15.45 Auglýsingatími
16.00 Meistarakeppni KSÍ
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (32:39)
18.30 Fréttir og veður
19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva
Bein útsending frá Birmingham á Englandi. Kynnir er Páll Óskar Hjálmtýsson.
22.10 Lottó
22.20 Georg og Leó (2:22)
(George and Leo)
Bandarísk þáttaröð í léttum dúr um heiðvirðan bóksala og klækjaref á flótta undan mafíunni sem tengjast nánum böndum þegar börn þeirra ganga í það heilaga. Bob Newhart og Judd Hirsch í aðalhlutverkum.
Þýðandi: Ólafur B. Guðnason.
22.45 Óvígur innrásarher (2:2)
(Robin Cook's Lethal Invasion)
Bandarísk spennumynd í tveimur hlutum frá 1997 um ungt fólk og baráttu þess við innrásarher utan út geimnum. Leikstjóri er Armand Mastroianni og aðalhlutverk leika Luke Perry og Rebecca Gayheart. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur á laugardagskvöld.
Þýðandi: Jón O. Edwald.
00.15 Útvarpsfréttir
00.25 Skjáleikur

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna Halla Halldórsdóttir.
10.45 Skjáleikur
11.40 Formúla 1
14.00 Skjáleikur
16.20 Markaregn
17.20 Leiðin til Frakklands (6:16)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Sultur
18.15 Tómas og Tim (2:10)
18.30 Þrettándi riddarinn (1:6)
19.00 Geimstöðin (22:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Landið í lifandi myndum
21.10 Listahátíð í Reykjavík 1998
Kynningarþáttur. Umsjón: Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
21.45 Emma í Mánalundi (2:26)
(Emily of New Moon)
22.40 Helgarsportið
23.00 Jake og kvenfólkið
(Jake's Women)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 gerð eftir leikriti Neils Simons um rithöfund sem á margt ólært um lífið og tilveruna og á í erfiðleikum með að greina á milli hugaróra sinna og veruleikans.
00.35 Markaregn
Endursýning.
01.35 Útvarpsfréttir
01.45 Skjáleikur

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

NRK1

Miðvikudagur 6. maí kl. 18:40
Lazio - Inter (Evrópuk. bikarhafa)
Miðvikudagur 13. maí kl. 18:40
Úrslitaleikur evrópukeppni bikarhafa

NRK2

Mánudagur 11. maí kl. 16:50
Moss- Valerenga (norska knattspyrnan)

TV2 - NOREGUR

Miðvikudagur 6. maí kl. 19:45
Liverpool - Arsenal

DR1

Laugardagur 9. maí kl. 19:00
Melodi Grand Prix 1998
Kappakstur

CANAL+ GULUR

Föstudagur 8. maí kl. 00:10
NBA körfuknattleikur
Laugardagur 9. maí kl. 23:35
NHL Íshokký
Sunnudagur 10. maí kl. 19:00
Enski boltinn
Sunnudagur 10. maí kl. 21:00
Golf US PGA

CANAL+ DANMÖRK

Laugardagur 9. maí kl. 16:00
Þýski boltinn

TV3 SVÍÞJÓÐ

Miðvikudaginn 6. maí til þriðjudagsins 12. maí kl. 13:30 og 18:00 daglega verður sýnt frá **HM í íshokký**

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Jarðborinn Hrímnir frá Jarðborunum hf. að starfi við Bræðratungu.

Jarðhitaleit Orkubús Vestfjarða og Orkustofnunar í Skutulsfirði

Góðar vísbendingar um heitt vatn við Bræðratungu

„Ekkert vatn hefur fundist ennþá, heldur einungis vísbendingar“, segir Kristján Haraldsson orkubússtjóri um árangur af rannsóknarborunum við Bræðratungu í Tungudal í Skutulsfirði, en þar hefur fundist mun hærri hitastigull en í öðrum holum sem boraðar hafa verið víða um Skutulsfjörð í vetur og vor.

Nýlokið er rannsóknaráætlun á vegum Orkubús Vestfjarða og Orkustofnunar, þar sem boraðar voru fjórtán grunnar rannsóknarholur (um 100-120 m djúpar) til þess að kanna hitastigul og leita að vísbendingum um heitt vatn í Skutulsfirði. Byrjað var á því verki sl. haust og voru boraðar holur allt utan af Óshlíð og inn í Engidal. Eftir að þessu verkefni var lokið var ákveðið að bora nokkrar holur í viðbót og lofa þær góðu um að finna megi heitt vatn neðarlega í Tungudal. Mældur er hitastigull í holunum og er hann mjög góður í þeirri síðustu sem er við Bræðratungu. Byrjað var á fjórðu viðbótarholunni í fyrradag. „Þessar góðu vísbendingar þýða að við munum láta sérfræðingana leggjast yfir þessar niðurstöður og gera tillögur um frekari boranir“, sagði Kristján í samtali við blaðið.

Verkefnisstjóri er Ragna Karlsdóttir, verkfræðingur á jarðeðlisfræðideild Orkustofnunar. „Í Tungudal fundum við verulega hærri hitastigul en á öðrum stöðum. Síðan bárum við niður nálægt Bræðratungu, því að við höfðum grun um að þar mætti finna meiri hita. Þetta þýðir að við vitum að í Tungudal er volgt vatnskerfi á 100-200 metra dýpi, ef til vill 20-30 stiga heitt. Nú erum við að leita að því hvar þetta hitakerfi er heitast, en þar gæti verið mest uppstreymi heits vatns. Hins vegar grunar okkur líka að þarna geti verið um þröng vatnskerfi að ræða, því að gamla holan skammt frá Bræðratungu er djúp en alveg þurr. Nú erum við bara að bora og sjá hvað út úr því kemur“, sagði Ragna. „Ekkert er hægt að segja um hversu heitt eða hversu mikið vatn kann að finnast. Við vonum samt það besta og þessi leitaraðferð hefur gefið okkur dálítið nýja sýn á það að hægt er að bera niður á fleiri stöðum en áður var haldið, þó að ekki sé neinn jarðhiti á yfirborði," sagði Ragna Karlsdóttir, verkfræðingur.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Flugfrakt er ódýrari en þig grunar

SPENNUR
SJAMPÓ
SPANGIR
TÖSKUR
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

1978-1998
Bókið tímanlega á Hróarskeldu-hátíðina 23. júní!
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

2
Vinur 97·9 BYLGJAN ÍSAFIRÐI
Fréttaritari á Ísafirði
Símar: 456 5252 • 854 8822
894 8822 • Boðtæki 842 0578
Umboðsaðili
Þjónusta & áskrift
Sími: 456 4594
Fax: 456 4592
PÓLLINN HF.

Elo
Sími: 456 4211
Þín verslun
Munið Danska daga!
BJÖRNSBÚÐ er opin
alla virka daga frá kl. 9 til 23
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 10 til 23
...vestfirsk verslun!